

Fundur Atvinnu-og Ferðamálanefndar, Bergholti 16.2.2023 20:00

Mætt: Dóra Þorleifsdóttir, Stephanie Langridge, Trausti Hjálmarsson og Kristinn Bjarnason.

1. Atvinnumálastefna uppsveitanna, staða verkefnis yfirfarin og umræða um helstu atriði er komu fram í íbúakönnun.
Þurfum við að setja upp aðgerðaráætlun um hvernig við getum látið sveitarfélagið stækka og hvaða innviðir þurfa að vera tilbúnir fyrir næsta stig?

Nefndarfolk er sammála um nauðsyn þess að renna styrkari stoðum undir fjölbreyttara atvinnulíf. Það þarf að leita leiða til laða til okkar einstaklinga og fyrirtæki sem auki fjölbreytni í atvinnu.

Á svæðinu er öflugur og fremur fjölbreyttur landbúnaður sem þarf að halda áfram að hlúa að og gæta vel að verndun góðs landbúnaðarlands. Verndun landbúnaðarlands mun skipta máli í framtíðinni til að auka enn frekar fjölbreytni landbúnaðar á tímum þar sem allt bendir til þess að við munum sem þjóð þurfa að auka matvælaframleiðslu í framtíðinni.

Ferðaþjónusta hefur um langan tíma verið vaxandi atvinnugrein í Bláskógabyggð og er það vel. Í sveitarfélaginu er fremur fjölbreytt ferðaþjónusta allt frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, upp í fremur stór ferðaþjónustufyrirtæki. Við þurfum að búa þessum fyrirtækjum sem við nú þegar höfum sem best starfsskilyrði.

Það er mat nefndarinnar að til að byggja upp enn sterkara samfélag til framtíðar sé nauðsynlegt að skapa annarri atvinnustarfsemi sömu möguleika og ferðaþjónustan hefur fengið til vaxtar innan sveitarfélagsins, það sé beinlinis samfélagslega nauðsynlegt því að ákveðin áhætta fylgir því að byggja upp samfélög á of einsleitu atvinnulífi.

Mikil umræða um hvað er til staðar og hvað má bæta. Árstíðabundin áhersla á uppskeru hvers tíma, Matarkista landsins – Hvernig getum við aukið vægi þess og hvernig getum við aukið framboðið til allra?

Er komin þörf á „Atvinnumálafulltrúa“ í starfi hjá Sveitarfélaginu sem aðstoðar með allt sem snýr að sköpun starfa hjá okkur. Til dæmis með aðstoð við nýsköpun og leiðbeinandi við stofnun fyrirtækja á fjölbreyttum sviðum.

Niðurstaða: Viljum að atvinnan verði fjölbreyttari og að við nýtum tækifærin sem eru til staðar. Með áherslu á annað en bara ferðaþjónustu.

2. Fámenn nefnd, vantar að taka varmann inn í nefndina.
Fá inn fyrir næsta fund ábendingar og leiðbeiningar - þörf frá sveitarstjórn
3. Önnur mál
Ýmsar hugmyndir ræddar er snúa að uppbyggingu atvinnu á svæðinu, t.d. nýsköpunarviðburður/ráðstefna þar sem skapast vettvangur fyrir frjálst hugmyndaflæði: Hugmyndabanki, verðlaunasamkeppni o.s.frv.

Fundi slitið klukkan 23:00

Fundarritari: Kristinn Bjarnason